

Nd.

1143. Breytingartillögur

[480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GE, SvG, KJóh).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „launa“ í síðari másl. komi: kaup-taxtavísitölu.
2. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi taka til lána einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og innlánsstofnunum. Seðlabanka Íslands skal skylt að endurkaupa skuldabréf af öðrum aðilum en byggingarsjóðum ríkisins vegna samninga um greiðslujöfnun samkvæmt þessum lögum. Skuldari getur þó undanþegið sig þessu ákvæði.

3. Við 4. gr. Í stað orðsins „fullverðtryggðum“ í 1. og 2. mgr. komi: verðtryggðum.

4. Við 5. gr.

a. Í stað orðsins „launavísitölu“ í 1. mgr. komi: kaup-taxtavísitölu.

b. 3. mgr. orðist svo:

Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við gjalddagafjárhæð.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Kaup-taxtavísitala skv. 1. og 5. gr. skal reiknuð út mánaðarlega af kjararannsóknar-nefnd.